

13. fundur Fræðslunefndar Bláskógabyggðar mánudaginn 28. september 2009 í Aratungu, Reykholti.

Leikskóli

Mætt voru: Margeir Ingólfsson formaður, Axel Sæland varaformaður (kom kl 16:10), Sigurbjörn Árni Arngrímsson ritari, Júlíana Tyrfingsdóttir skólastjóri Álfaborgar, Sólveig Björg Aðalsteinsdóttir skólastjóri Gullkistu, Henrietta Ósk Gunnarsdóttir fulltrúi starfsmanna leikskólanna og Hekla Hrönn Pálsdóttir fulltrúi foreldra í Álfaborg. SÁA ritaði fundargerð.

MI setti fund kl 15:39

Formaður bauð nýjan fulltrúa starfsmanna leikskólanna velkominn og skerpti á trúnaðarreglum fræðslunefndar öllum til áminningar

Dagskrá fundarins:

1. Viðbragðsáætlun vegna svínaflensu

MI greindi frá því að leikskólarnir báðir hafi gert viðbragðsáætlun vegna svínaflensu og hún liggur frammi í skólunum og á heimasíðum þeirra.

2. Dagvistun í heimahúsi

Dagný Rut Grétarsdóttir hefur tekið að sér að sjá um dagvistun fjögurra barna starfsmanna leik- og grunnskóla Bláskógabyggðar. Um er að ræða börn sem ekki hafa náð 18 mánaða aldri og komast því ekki strax inn í leikskóla sveitarfélagsins. Fræðslunefnd fagnar því að dagforeldri sé til staðar í sveitarfélaginu svo hægt sé að "brúa bilið" frá því að foreldrar fara að vinna og þar til að börnin komast inn á leikskóla

MI las upp bréf sem fræðslunefnd hefur borist frá Smára Stefánssyni og Hallberu Gunnarsdóttur en þau eiga tvö börn í þessari dagvistun. Óska þau eftir því að börn þeirra verði tekin inn á leikskólann Gullkistu áður en þau hafa aldur til samkvæmt reglum leikskóla Bláskógabyggðar þar sem pláss sé fyrir börn þeirra á Gullkistu og ekki fylgi því aukinn kostnaður fyrir sveitarfélagið.

Töluverð umræða varð um málið. SÁA vildi meina að það ætti að fylla leikskólana sé þar pláss svo fremi sem börnin væru orðin 12 mánaða því það hlýti að vera ódýrara að reka leikskólana þannig. Niðurstaðan varð sú að fræðslunefnd getur ekki annað en farið eftir þeim reglum sem gilda um inntöku barna í leikskóla sveitarfélagsins á hverjum tíma.

3. Starfið í upphafi skólaárs, Gullkista

- SBA lagði fram dagatal leikskólans sem jafnframt er á heimasíðu skólans. Þetta er samræmt dagatal beggja leikskólanna.
- 27 börn eru í leikskólanum og 5 stöðugildi inn á deild, 0,5 stöðugildi í stjórnnum og 0,5 stöðugildi í sérverkefnum, 6 alls. Þar af eru 4 leikskólakennarar og sá fimmti útskrifaðist af leikskólabróu í vor og fékk verðlaun fyrir árangur. Nú eru komnir deildarstjórar á litlu og stóru deildir.

- Leikskólinn hófst 15. ágúst og unnið er samkvæmt aðalnámskrá og er einn dagur í viku upp í skógi því yfirskrift skólans er Útivist og umhverfi. Því er farið mikið út fyrir skólalóðina.
- SBA lagði einnig fram dagskipulög fyrir elsta og yngsta árganginn til kynningar
- Uppeldisfræðilegar skráningar á starfi barnanna eru hafnar samkvæmt kerfi Reggio
- SBA telur sig hafa of mikla vinnuskyldu inn á deild og að of lítil tími sé hjá henni til að sinna stjórnunarstörfum sínum
- SBA lýsir yfir mikilli ánægju með ráðningu talmeinafræðings á vegum sveitarfélagsins og segir sveitarstjórn eiga hrós skilið fyrir það.
- Allt gengur vel sem og samvinna við alla skóla á staðnum

4. Starfið í upphafi skólaárs, Álfaborg

- JT vísar á dagskipulag og almanak sem er á heimasíðu skólans
- Foreldarafundur verður 29. september.
- 28 börn eru á leikskólanum og 4 á biðlista sem ekki eru nógu gömul. Pláss er fyrir 36 börn. 6,96 (þ.m.t. matráður, skólastjóri og stuðningur) stöðugildi eru við skólann sem 9 kennarar skipta með sér, 3 leikskólakennarar og að auki einn í framhaldsnámi og einn í leikskólabrúnni við Borgarholtsskóla
- Unnið er áfram með uppeldisfræðilegar skráningar á starfi barnanna og eru fundir mánaðarlega þar sem farið er yfir starfið og fylgst með því að skólinn sé í raun að vinna eftir hugmyndafræðikerfi Reggio
- Tónlistin er áfram stór þáttur í starfinu og öll börnin fara í tónlist.
- Samstarf við grunnskólann gengur vel og mikil ánægja með það
- JT fagnar einnig komu talmeinafræðingsins
- Mikill spenningur er í starfsfólkinu fyrir vetrinum
- Þema vetrarins verður sveitin mín

5. Önnur mál

- 5.1 SBA minnir á leikskólarnir ætla í námsferð til Danmerkur í vor í kringum sumardaginn fyrsta og fjáröflun er komin á fullt fyrir þá ferð. Sinn hvor starfsdagurinn verður því sitt hvorum megin við sumardaginn fyrsta. MI leggur áherslu á að þessir starfsdagar og ferðin sé kynnt vel og tímanlega fyrir foreldrum barnanna.
- 5.2 SBA óskar eftir því að fá reglulega sendan hreyfingarlista um rekstur leikskólans. MI segir það hægt að kalla eftir slíkum lista hvenær sem er og hvetur skólastjórana til að kalla eftir hreyfingarlistunum eftir þörfum.
- 5.3 SBA bendir á það vanti gjaldskrá leikskólanna sem og reglur þeirra á heimasíðu Bláskógabyggðar
- 5.4 JT vill koma á framfæri hversu vel er staðið að sérkennslumálum og stuðningi við öll börn sem þurfa á því að halda hjá sveitarfélaginu

Fleira ekki bókað
Fundargerð lesin upp í lok fundar og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17:07

Sigurbjörn Árni Arngrímsson, fundarritari.

Grunnskóli

Mætt voru: Margeir Ingólfsson formaður, Axel Sæland varaformaður, Sigurbjörn Árni Arngrímsson ritari, Arndís Jónsdóttir skólastjóri Grunnskóla Bláskógabyggðar (GB) og Bryndís Böðvarsdóttir fulltrúi foreldra. Lára Hreinsdóttir fulltrúi kennara boðaði forföll. SÁA ritaði fundargerð.

MI setti fund kl 17:17

Dagskrá fundarins:

1. Viðbragðsáætlun vegna svínaflensu

MI kynnti málið og AJ greindi frá því að GB sé að vinna að viðbragðsáætlun vegna svínaflensu.

2. Starfið í upphafi skólárs, AJ

- Starfið fór vel af stað enda ráðið í laus störf í vor. Fyllstu sparsemi hefur verið gætt án þess að grunnþjónasta skerðist. Bekkir voru sameinaðir og viðhald og bókakaup eru í lágmarki.
- Kynningarkvöld var haldið í Reykholti sem var nokkuð vel sótt
- Heimasiðan er í stöðugri uppfærslu
- Könnunarpróf voru haldin í september sem er slæmur tími til að halda þessi próf vegna þess að skólinn er í sveit og þessi tími hittir á göngur og réttir. Urðu börn og kennarar fyrir óþægindum vegna þessa.
- Sérkennari og talmeinafræðingur, Sigurlaug Jónsdóttir, var ráðinn í vor sem leið sem veitir þjónustu við grunn- og leikskóla. Mikil ánægja er með hana.
- Sjálfsmatsúttekt var gerð í GB 9. september og komu starfsmenn frá fyrirtæki á vegum menntamálráðuneytisins til að meta sjálfsmatið sem GB hafði gert. Sjálfsmatsskýrslan sjálf verður svo birt á heimasíðu Bláskógabyggðar.
- Kennarnemi frá HÍ kemur 5.-16. október til að fá leiðsögn í kennslu á miðstigi.
- Viðvarandi vandamál í upphafi skólaárs eru skemmdir sem unnar voru á skólahúsnæðinu í Reykholti. Í framhaldi því hefur verið rætt við sveitarstjórn um að setja eftirlitsmyndavélar við skólahúsnæðin í Reykholti og Laugarvatni.

3. Samingur milli Bláskógabyggðar og Grímsnes- og Grafningshrepps (samningur um nemendur í GB)

Valtýr Valtýsson sveitarstjóri kom inn á fund undir þessum lið og kynnti samninginn sem gerður var vegna breytinganna sem varð á milli hreppanna í skólasamstarfi að ósk Grímsnes- og Grafningshrepps. Samingurinn felur í sér að skólaárið 2011-2012 verði síðasta skólaárið sem nemendur í Grímsnes- og Grafningshreppi sækja GB samkvæmt samstarfssamningi um skólamál sem er í gildi milli sveitarfélaganna. Það gjald sem Grímsnes- og Grafningshreppur greiðir fyrir nemendur er samkvæmt gjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga en greiða þarf sérstaklega fyrir allan annan viðbótarkostnað (t.d. sérkennslukostnaður, akstur, mötuneyti) sem hlýst vegna nemenda með lögheimili í Grímsnes- og Grafningshreppi. Sameiginlegur samráðsfundur skal haldinn í upphafi almanaksárs og hann sitja sveitarstjórnir ásamt skólastjórnendum. Fræðslunefnd samþykkir samninginn fyrir sitt leyti.

4. Önnur mál

4.1 SÁA lýsir yfir áhyggjum af því hversu margir íþróttakennarar eru í almennri
kennslu í GB á Laugarvatni.

Fleira ekki bókað
Fundargerð lesin upp í lok fundar og samþykkt

Fundi slitið kl. 18:59

Sigurbjörn Árni Arngrímsson, fundarritari.